

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1666 – 5. september 2024, kl. 15:30 – 17:20 – fjarfundur

Efni fundarins:	10. stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Pátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettanevndar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Hugrún Elvarsdóttir ritari og Jón Egill Sveinsson varaformaður.

Fundur settur kl. 15.32

Fundardagskrá

- Fundargerð síðasta fundar, nr. 1665 – sjá hjál.**
- Fjármál**
 - Afrekssjóður 2025 – minnisblað
 - Kostnaður við æfingabúðir
- Skíðaping 20. og 21. september nk.**
 - Drög að dagskrá þingsins og helstu starfsmenn, fjöldi þingfulltrúa
 - Fjárhagsáætlun 2025
 - Tillögur til lagabreytinga
 - Tillögur til breytinga á reglugerðum – [m.a. uppfærsla á aldursflokkaákvæðum í bikarkeppnum og Íslandsgöngum]
 - Ályktunartillögur – m.a. tillaga um ályktun þings um mótskráningar (frá 1665. fundi)
 - Tillögur að heiðrunum
- Afreksmál – minnisblað frá Sigurði S. Nikulássyni**
- Önnur mál**
 - Innheimta og skráning keppenda í FIS kerfið

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál

- 2.1. Afrekssjóður 2025. Minnisblað um tímasetningar úthlutana og mögulegar fjárhæðir sem Afrekssjóður hefur úr að ráða á næsta ári, lagt fram.
- 2.2. Lagt fram kostnaðaryfirlit æfingabúða í skíðagöngu á Ísafirði 15.-18. ágúst sl.

3. Skíðaping 20. og 21. september nk.

- 3.1. Tillaga að dagskrá Skíðapings lögð fram og samþykkt.
- 3.2. Fjárhagsáætlun 2025. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir 2025, m.v. fyrirbyggjandi forsendur. Ljóst er að meira fjármagn þarf til ef sambandið á að geta staðið fullnægjandi að undirbúningi fyrir Ólympíuleikana 2026. Umsóknum til afrekssjóðs vegna 2025 þarf að skila inn fyrir mánaðarmót og framkvæmdastjóri og afrekstjóri eiga á næstu tveimur vikum fundi með nefndum til að að yfirfara og raunera kostnaðaráætlanir nefnda fyrir árið 2025. Þær tillögur verða kynntar á komandi Skíðapingi.
- 3.3. Tillögur til lagabreytinga. Þrjár lagabreytingatillögur liggja fyrir, tvær frá stjórn SKÍ og ein frá SFÍ.
- 3.4. Tillögur til breytinga á reglugerðum lagðar fram. Setja þarf nýja reglugerð um keppni í skíðaskotfimi eða tvíkeppni á Íslandi að kröfu IBU. Eins þarf að uppfæra aldursákvæði í reglugerðum SKÍ um bikarmót og Íslandsgöngur.
- 3.5. Ályktunartillögur. Sjö ályktunartillögur verða lagðar fram á þinginu.
- 3.6. Tillögur að heiðrunum. Málinu frestað og til afgreiðslu stjórnar milli funda.

4. Afreksmál – minnisblað frá Sigurði S. Nikulássyni

Lögð fram tillaga að bréfi/grein um nauðsynlegar aðgerðir í aðstöðu- og fjármálum skíðahreyfingarinnar. Samþykkt að stjórnarmenn sameinist um að vinna grein eða erindi frá sambandinu

5. Önnur mál

- 5.1. Innheimta og skráning keppenda í FIS kerfið. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umræðu og fyrirspurnum um skráningu íslenskra keppenda í skráningarkerfi FIS, þ.e. svokölluð FIS-leyfi.

Fundi slitið kl. 16:55.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð.